

Samningsumboð vegna þjónustusamnings um hjúkrunar – og dvalarrými

Hjúkrunarheimili / Sveitarfélag: Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún, Dalabyggð	Kennitala: 580483-0899 (Silfurtún) 510694-2019 (Dalabyggð)
---	--

Ofangreindur rekstraraðili hjúkrunarheimilis felur hér með Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð til gerðar samnings við ríkið um þjónustu í hjúkrunar – og dvalarrýmum stofnunarinnar / félagsins / sveitarfélagsins.

Framkvæmdastjóri stofnunar / félags / sveitarfélags staðfestir umboðsveitinguna með undirritun skjals þessa. Samningsumboðið tekur gildi frá undirskriftardegi.

Sameiginleg samninganefnd SFV og Sambands ísl. sveitarfélaga mun á grundvelli þessa umboðs sem stofnunin / félagið / sveitarfélagið hefur veitt, annast allar samningaviðræður við ríkið eða Sjúkratryggingar Íslands um þjónustusamning fyrir hjúkrunar – og dvalarrými. Umboðið nær til þess að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar / félagsins / sveitarfélagsins við samningsgerðina, semja um fyrirkomulag og endurgjald fyrir þjónustuna, ganga frá samningi og undirrita samning og öll nauðsynleg skjöl. Gert er ráð fyrir að samninganefndin muni gera einn heildstæðan rammasamning fyrir þjónustu í öllum hjúkrunar – og dvalarrýmum sem nefndin fær umboð til, en hugsanlegt er að formið verði með öðrum hætti og samningarnir fleiri en einn.

Undir umboðið falla ekki sértækir samningar varðandi þjónustu í sérhæfðum hjúkrunarrýmum (sérrymum) eða álag vegna sérhæfðrar þjónustu (sjá gjaldlið nr. 10 í 8. gr. rammasamnings hjúkrunarheimila frá árinu 2016).


Allt sem Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Samband íslenskra sveitarfélaga gera samkvæmt umboði þessu er jafngilt og umboðsgjafi hefur gert það sjálfur.

Umboð þetta er ótímabundið og verður einungis afturkallað með skriflegu erindi til Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir hönd stofnunar / félags / sveitarfélags:

Búðardal, 27.12.2021

Staður og dagsetning


Undirritun

